

6. desember 2021



Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022

Kynning fyrir fjárlaganefnd

| **Stjórnarráð Íslands**
| Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Yfirlit kynningar

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Lykilatriðin í fjárlagafrumvarpinu

Markmið og niðurstöður í
ríkisfjármálum

Efnahagsforsendur

Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Breytt framsetning A-hluta
Samstæðuyfirlit

Efnahagur, lánsfjármál og
fjárhagsáhættur

Heimildir ráðherra



Lykilatriðin í fjárlagafrumvarpinu



Efnisskipan kynningar

1. Lykilatriðin í fjárlagafrumvarpinu
2. Markmið og niðurstöður í ríkisfjármálum
3. Efnahagsforsendur
4. Tekjuhlið,
5. Útgjaldahlið
6. Breytt framsetning A-hluta – Samstæðuyfirlit
7. Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur
8. Heimildir ráðherra í 6. gr.



Lykilatriðin í fjárlagafrumvarpinu

- Mikill bati í efnahagshorfum m.v. fyrri spár:
 - » meiri landsframleiðsla
 - » minna atvinnuleysi
 - » meiri einkaneysla en fyrir faraldurinn
 - » góð staða útflutningsgreina þ.m.t. fleiri ferðamenn
 - » mikil aukning kaupmáttar
- Mótvægisráðstafanir og sjálfvirkir sveiflujafnarar hafa skilað miklum árangri
- Skuldir ríkisins eru mun lægri en vænst var
- Afkoma ríkissjóðs tekur miklum framförum, hallinn minnkar um 40% milli ára:
 - » tekjuhliðin er á góðum batavegi
 - » stór hluti Covid-19 ráðstafana fjarar út
 - » hóflegur útgjaldavöxur en þó hátt fjárfestingarstig
- Með auknu aðhaldsstigi leggst ríkisfjármálastefnan á sveif með peningamálastefnu Seðlabankans við að draga úr þenslu og hemja verðbólgu og vaxtastig



Lykilatriðin í fjárlagafrumvarpinu

- Eftir stendur að hallinn á afkomunni verður ennþá of mikill og verk að vinna að snúa honum í afgang
- Skuldahlutfallið verður því áfram hækkandi að sinni og stefnir of hátt til að svigrúm verði til að mæta stórum áföllum
- Ekki hefur verið náð fullum tókum á stöðu ríkisfjármálanna fyrr en hækkun skuldahlutfallsins hefur verið stöðvuð
- Í nýrri fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026 eru sett fram markmið um að þetta verkefni verði leyst á næstu fimm árum
- Markmiðin í stefnunni fyrir árið 2026:
 - » halli á afkomu hins opinbera minnki í 1%
 - » skuldahlutfallið nái hámarki í 50%
- Fjárlagafrumvarpið er fyrsta skrefið á þessari vegferð



Markmið og niðurstöður í ríkisfjármálum



Markmið í ríkisfjármálum

Stefnumörkun um ríkisfjármál hefur fylgt sömu megin línu frá upphafi faraldursins:

Til skemmri tíma verður horft til þess að styðja við hagkerfið þar til efnahagslífið hefur náð traustri fótfestu að nýju. Til lengri tíma að standa vörð um fjárhagslegan viðnámsþrótt hins opinbera og getu stjórnvalda til þess að milda áhrif óvæntra efnahagsáfalla.

Þessi stefnumörkun hefur legið til grundvallar

- Endurskoðun fjármálastefnu 2018-2022 (sept. 2020)
- Fjármálaáætlun 2021-2025
- Fjárlög 2021
- Fjármálaáætlun 2022-2026
- Þátl. um fjármálastefnu 2022-2026
- Fjárlagafrumvarp 2022



120 ma.kr. bati í afkomu milli ára

Það eru skýr merki um að atvinnulífið sé að ná tryggri fótfestu m.a. með horfur um stórlækkað atvinnuleysi.

Margar mótvægisaðgerðir stjórnvalda sem beindust með beinum hætti að faraldrinum fjara út á árinu 2021 (f. utan fjárfestingaráttak).

Tekjuhlið ríkissjóðs er að taka við sér af krafti og útgjöld ríkissjóðs eru áætluð lægri að raunvirði en fjárlög yfirstandandi árs.


Samanlagt verður þetta til þess að afkoma ríkissjóðs batnar umtalsvert á milli ára.



Afkomuhorfur hafa batnað undanfarið

Gert er ráð fyrir að tæplega 170 ma.kr. halli verði á afkomu ríkissjóðs á næsta ári


% af VLF






Hagvöxtur og sala eigna dregur úr skuldaaukningu

% af VLF



Vaxtajöfnuður ríkissjóðs hefur verið nokkuð stöðugur þrátt fyrir hækkandi skuldir

% af VLF



Vaxtajöfnuður hefur verið fremur stöðugur

- Þrátt fyrir hækkandi skuldir hefur vaxtajöfnuður verið fremur stöðugur frá upphafi faraldursins.
- Skilyrði á mörkuðum hafa verið hagstæð og ríkissjóður hefur viðhaldið góða lánsþæfiseinkunn fram til þessa.
- Þegar fram í sækir er ljóst að nokkur vaxtaáhætta er fyrir hendi.




Horfur hafa batnað mikið frá fjármálaáætlun í vor

Batinn í afkomu endurspeglar fyrst og fremst bættar efnahagshorfur


Áætluð afkomuþróun ríkissjóðs

% af VLF



Áætluð skuldaþróun ríkissjóðs

% af VLF



Gert er ráð fyrir að sölu á eignarhlut í Íslandsbanka verði lokið 2023



Frumvarp 2022: Samanburður við fjármálaáætlun

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Fjármála- áætlun 2022	Frumvarp 2022 ¹	br.	Fjármála- áætlun 2022	Frumvarp 2022	br.
Frumtekjur	866,6	945,0	78,4	25,8	26,5	0,7
Frumgjöld	1.028,7	1.056,7	28,0	30,6	29,6	-1,0
Frumjöfnuður	-162,1	-111,7	50,4	-4,8	-3,1	1,7
Vaxtatekjur	7,9	10,5	2,6	0,2	0,3	0,1
Vaxtagjöld	68,7	67,3	-1,4	2,0	1,9	-0,2
Vaxtajöfnuður	-60,8	-56,8	4,0	-1,8	-1,6	0,2
Heildartekjur	874,5	955,4	80,9	26,0	26,8	0,8
Heildargjöld	1.097,4	1.124,0	26,6	32,6	31,5	-1,1
Heildarjöfnuður	-222,9	-168,5	54,4	-6,6	-4,7	1,9

¹ 15 ma.kr. hækkun á tekju- og gjaldahlíð leiðir af breyttri framsetningu vegna endurgreiðslu VSK til opinberra aðila til samræmis við uppgjör Hagstofu Íslands á rekstraruppgjöri ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni. Breytingin felur í sér að í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti. Breytingin er hlutlaus gagnvart afkomunni.

- Bætt afkoma skýrist af hærri tekjum vegna bættra efnahagsaðstæðna.
- Útgjöld eru hærri:
 - hækkun er 12 ma.kr. þegar leiðrétt er fyrir breyttri flokkun á endurgr. VSK op. aðila.
 - hærra verðlag og vaxtastig, en lægra atvinnuleysi og lægri skuldir
 - ný útgjaldamál og veikleikar í áætlun



Þjóðhagsgrunnur, ma.kr.	Fjárlög 2021	Frumvarp 2022	br.
Heildartekjur	773,8	955,4	181,6
Skatttekjur	613,1	752,3	139,2
Skattar á tekjur og hagnað	262,0	327,6	65,6
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll	9,0	9,5	0,5
Eignarskattar	5,8	9,2	3,3
Skattar á vöru og þjónustu	320,0	387,9	68,0
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3,0	3,6	0,6
Aðrir skattar	13,3	14,6	1,3
Tryggingagjöld	93,8	107,0	13,3
Fjárframlög	5,5	6,0	0,4
Aðrar tekjur	61,4	90,1	28,7
Eignatekjur	22,8	48,7	25,9
þ.a. vaxtatekjur	6,4	10,5	4,1
þ.a. arðgreiðslur	8,7	31,8	23,1
Sala á vöru og þjónustu	31,8	35,1	3,3
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	6,8	6,4	-0,4
Heildargjöld	1.099,9	1.124,0	24,1
Rekstrarútgjöld	1.055,9	1.090,1	34,2
Laun	236,6	258,1	21,5
Kaup á vöru og þjónustu	146,5	170,0	23,4
Afskriftir	47,8	54,5	6,7
Vaxtagjöld	61,1	67,3	6,2
Framleiðslustyrkir	70,4	51,9	-18,5
Fjárframlög	406,4	402,2	-4,2
Félagslegar tilfærslur til heimila	23,4	23,8	0,4
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	63,6	62,2	-1,4
Fastafjárútgjöld	44,0	33,9	-10,1
Fjárfesting í efnislegum eignum	91,8	88,4	-3,4
Afskriftir (-)	-47,8	-54,5	-6,7
Frumjöfnuður	-271,4	-111,7	159,7
Vaxtajöfnuður	-54,7	-56,8	-2,1
Heildarjöfnuður	-326,1	-168,5	157,6

Frumvarp 2022: Samanburður við fjárlög yfirstandandi árs


- Afkoma ríkissjóðs batnar um tæplega 160 ma.kr. frá fjárlög ársins 2021. Mikill bati er á tekjuhlíð.
- Heildargjöld lækka um rúmlega 2% að raunvirði þegar leiðrétt hefur verið fyrir áætluðum launa- og verðlagsbótum og breytta framsetningu á endurgreiðslu VSK til opinberra aðila.
- Ýmis tímabundin útgjöld vegna mótvægisáðgerða stjórnvalda í tengslum við heimsfaraldur kórónuveiru falla niður og útgjöld vegna atvinnuleysis dragast saman.



Efnahagsforsendur

Ör viðsnúningur efnahagslífsins


Kröftugur efnahagsbati er hafinn.



Atvinnuleysi nær fyrra stigi

Skráð atvinnuleysi hefur lækkað úr 12% í janúar í 5% í október.

Atvinnuleysi orðið svipað og fyrir faraldurinn




5,3% hagvexti spáð 2022

Spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að hratt vaxandi þjónustuútflutningur og áframhaldandi sterk einkaneysla muni drífa áfram hagvöxt 2022.

Hagvöxtur verður drifinn áfram af bata í ferðaþjónustu og aukinni einkaneyslu


Framlag undirliða til hagvaxtar 2022, %




Betur fór en á horfðist

VLF árin 2021-22 er um 1,5% hærrí í nýrri spá Hagstofu en í spá frá því í vor. Varanlegt framleiðslutap er þó 3-4% af VLF.

Hagspár Hagstofu Íslands hafa verið endurskoðaðar upp á við
Verg landsframleiðsla, 2018 = 100



Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórn er tvíþætt



Að draga úr hagsveiflum

- með sjálfvirku viðbragði skatt- og bótakerfa og sértækum aðgerðum þegar mikið liggur við.
- Á Íslandi hafa ríkisfjármál haft tilhneigingu til að auka hagsveiflur. Áhrif ríkisfjármálanna á hagkerfið eru minni en í stærri ríkjum.




Að auka vaxtargetu hagkerfisins

- með fjárfestingum hins opinbera á breiðum grunni.
 - með umbótum sem styrkja vinnumarkað og fjárfestingar einkageirans.
- Með því að draga úr hagsveiflum styður hagstjórnin við vaxtargetu.

Aðhaldsstig ríkisfjármála 2022

Hagsveiflujöfnun ríkisfjármálanna árið 2022 skýrist nær alfarið af því að í ár lýkur flestum tímabundnum úrræðum og aðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Ríkissjóður stígur ölduna með því að draga úr sértækum stuðningi vegna heimsfaraldurs
Stuðningur við hagkerfið, % af VLF







Sífelld minni þörf hefur verið fyrir stuðning

Flest úrræði stjórnvalda hafa þegar runnið sitt skeið fyrr á árinu en þó voru nokkur eftir. Aðsókn í úrræðin hefur minnkað frá sumri.

Greiðsla styrkja vegna a.m.k. 40% tekjufalls minnkaði snarlega sl. sumar
m.kr. styrkir vegna tekjufalls




Flestir ráðningastyrkir hófust í maí og júní
Fjöldi ráðninga með ráðningastyrk



Verðbólga hefur verið þrálát


Hagstofan gerir ráð fyrir því að verðbólga lækki árið 2022. Meiri líkur eru á því að verðbólgu sé vanspáð en að henni sé ofspáð.

Hætta á að verðbólguspá Hagstofu muni reynast bjartsýn



Verg landsframleiðsla

2019 = 100



Frávíkssviðsmyndir

Bjartsýn sviðsmynd: Einkaneysla vex meira vegna þess að sparnaðarhlutfall heimila nær fyrra stigi.

- Hagvöxtur 6,9%.
- Atvinnuleysi 5%.
- Afkoma ríkissjóðs 20 ma.kr. betri (0,7% af VLF).

Svartsýn sviðsmynd: Aðeins 800 þús. ferðamenn sækja landið heim (1.430 þús. í grunnspá).

- Hagvöxtur 3%.
- Atvinnuleysi 6,7%.
- Afkoma ríkissjóðs 25 ma.kr. lakari (0,8% af VLF).



Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)



Helstu forsendur tekjuáætlunar

Skattatölfræði

- Álagning opinberra gjalda og annarra skatta
- Innheimta skatta og annarra tekna
- Ríkisreikningur (skv. IPSAS)
- Uppgjör Hagstofu (skv. GFS)

Skattkerfið

- Ákvæði skattalaga og reglugerðir
- Ný áform um skattkerfisbreytingar
- Skattframkvæmd

Efnahagsmál


- Þjóðhagsspá Hagstofu
 - Hagvöxtur, atvinna, verðbólga o.fl.

Annað

- Ytri breytur, t.d. aflamagn, erlendir ferðamenn o.fl.
- Hegðunarbreytur
- Teygnistuðlar
- Óreglulegir liðir
- O.fl.

Frumvarp samhliða fjárlagafrumvarpi

- Þskj 3: Frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2022






Tekjur ríkissjóðs 2022 eru áætlaðar 955 ma.kr. Þar af er um 90% skatttekjur og tryggingagjöld

Virðisaukaskattur er stærsti tekjustofn ríkissjóðs


Samsetning tekna ríkisins 2022



Jákvæð efnahagsþróun skilar ríkissjóði auknum tekjum

Tekjur eru áætlaðar 66 ma.kr. meiri en í fjármálaáætlun*

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2022 (ma.kr.)



*Leiðrétt fyrir breytttri aðferðafræði. VSK-endurgreiðslur til opinberra aðila færðust sem tekjulækkun í fjármálaáætlun en færast nú sem gjöld.



Skattkerfisbreytingar

Auknir hvatar til fjárfestinga fyrirtækja

Auknar fyrningarheimildir fyrirtækja til að ýta undir fjárfestingar, sér í lagi grænum eignum

Lögfest

Umhverfi almannaheillafélaga styrkt

Skattalegir hvatar til að auka stuðning við almannaheillafélög og styrkja starfsemi þeirra

Gistinátta-skattur felldur niður út 2023

Enginn gistinátta-skattur lagður á gistingu 2022 og 2023

Ólögfest


Nýtt viðmið skattleysis- og þrepamarka

Skattleysis- og þrepamörk tekjuskatts einstaklinga þróast í takt við vísitölu neysluverðs að viðbættu mati á langtímaframleiðni



Nýtt viðmið um þróun þrepa- og skattleysismarka tekjuskatts einstaklinga

- Lokaáfangi vinnu sem hófst árið 2019 og lækkar tekjuskatt einstaklinga um alls **23 ma.kr.** árlega
- Skattleysis- og þrepamörk þróast í takt við vísitölu neysliverðs að viðbættu mati á langtímaframleiðni
- Miðað verður við **1% langtímaframleiðni** sem verður endurskoðuð á 5 ára fresti
- Persónuafsláttur hækkar meira milli ára en áður






Helmingur skattastyrkja eru tilkomnir vegna neðra þreps virðisaukaskatts

Skattastyrkir eru áætlaðir 109 ma.kr.

Skattastyrkir eftir málefnasviðum





Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)



Forsendur

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022 byggist á **stefnumörkun gildandi fjármálaáætlunar 2022-2026**, uppfærslu vegna breytinga sem leiða af þjóðhagsspá, tekjuáætlun og rekstrartekjuáætlunum stofnana auk **ákvarðana ríkisstjórnarinnar** við undirbúning frumvarpsins.




Helstu áherslur

- Aukinn viðbúnaður heilbrigðiskerfisins vegna kórónuveirufaraldursins með sérstakri farsóttardeild á LSH og fjölgun hágæslu- og endurhæfingarrýma
- Bygging nýrra hjúkrunarheimila og endurbætur á eldri rýmum
- Áframhaldandi lækkun á greiðslupátttöku sjúklinga
- Aukin framlög til geðheilbrigðismála
- Hækkun bóta örorkulífeyrisspega
- Hækkun frítekjumarks atvinnutekna ellilífeyrisspega
- Efling og samþætting þjónustu í þágu farsældar barna
- Framlög til loftslagsmála aukin
- Aukinn stuðningur við orkuskipti í samgöngum
- Uppbygging samgönguinnviða og almenningssamgangna
- Aukin framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu
- Fjölgun nemenda á framhalds- og háskólastigi
- Auknar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar
- Efling stafrænnar þjónustu
- Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021–2023




Brúin milli GFS og rammasettra¹ útgjalda án launa- og verðlagsbóta



Útgjöld málefnasviða án undanskilinna liða. Undanskildir liðir eru: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Heildarútgjöld ríkissjóðs





Heildarfjárheimildir 2022 og breytingar frá fjárlögum ársins 2021

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Frumvarp ¹ 2022	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög	482.061	515.228	33.167	6,9
Rekstrartilfærslur	382.500	382.564	64	0,0
Fjármagnstilfærslur	37.952	37.218	-734	-1,9
Fjárfestingarframlag ²	76.672	71.058	-5.615	-7,3
Rammasett útgjöld	979.186	1.006.067	26.882	2,7
Vaxtagjöld	46.009	51.700	5.691	12,4
Aðrir liðir utan ramma	166.904	145.760	-21.144	-12,7
Heildargjöld	1.192.099	1.203.528	11.429	1,0
Rekstrartekjur	61.686	65.897	4.212	6,8
Framlag úr ríkissjóði	1.072.383	1.074.454	2.071	0,2
Viðskiptahreyfingar	58.030	63.176	5.146	8,9
Samtals fjármögnun	1.192.099	1.203.528	11.429	1,0

¹ Án verðlagshækkana

² Fjárfestingarframlög færast ekki til gjalda í ríkisreikningi heldur eru þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma eignarinnar



Heildarútgjöld eftir tilefnum


Breytingar frá fjárlögum 2021 til frumvarps til fjárlaga 2022

11,4 ma.kr.

Breyting frá fjárlögum

-25,7 ma.kr.

Lækkun án launa- og
verðlagsbóta





Ráðstafanir vegna heimsfaraldurs breytingar frá fjárlögum 2021, ma.kr.

7,5 ma.kr.


Aukin framlög v. COVID-19

52 ma.kr.

Ráðstafanir sem
renna sitt skeið

65,3 ma.kr.

Lækkun að
atvinnuleysisbótum
meðtöldum





Fjárfestingarstig hátt í sögulegu samhengi

108 ma.kr. í fjárfestingar og fjármagnstilfærslur árið 2022

25 ma.kr.

v. fjárfestingar- og
uppbyggingarátaks 2022

100 ma.kr.

v. fjárfestingar- og
uppbyggingarátaks 2021-2025




ma.kr.

¹ Tölur miða við Fjármálaáætlun 2022-2026 en einstaka verkefni geta hliðrast til í tíma



Útgjaldabreytingar frá fjármálaáætlun

Rammasett útgjöld aukast um 1,7% frá því sem áætlað var



- Rammasett útgjöld verða **15,9 ma.kr. hærri** en gert var ráð fyrir í gildandi fjármálaáætlun.
- Skýrist fyrst og fremst af auknu framlagi til heilbrigðismála en það hækkar um **8,8 ma.kr.** s.s. vegna aukins viðbúnaðar v. COVID-19.
- Þá aukast framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu um **1,9 ma.kr.** og framlög til örorku- og ellilífeyrisþega aukast samanlagt um **1,3 ma.kr.**



Breytingar frá fjárlögum 2021 eftir málefnasviðum


| **Stjórnarráð Íslands**
| Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Framlög til heilbrigðismála aukast mest

Dregur úr ráðstöfun vegna heimsfaraldurs sem skýrir lækkun til félagsmála

Breytingar á heildargjöldum frá fjárlögum 2021

án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga






Stöðug aukning til heilbrigðismála

Yfir 30% hækkun að raunvirði milli ára 2017-2022

Uppsöfnuð raunaukning frá árinu 2017



16 ma.kr. raunaukning árið 2022

- 4,6 ma.kr. til sjúkratrygginga
- 2,6 ma.kr. til Landspítala vegna heimsfaraldurs
 - Hágæslustæði í Fossvogi og á Hringbraut
 - 30 ný endurhæfingarrými á Landakoti
 - Ný farsóttardeild í Fossvogi
- 1,4 ma.kr verður varið til kaupa á bóluiefnum
- 2,2 ma.kr. til byggingar nýja Landspítalans
- 1,2 ma.kr. vegna betri vinnutíma



Aukin framlög til lífeyrisþega


Viðbótarhækkun til örorkulífeyrisþega

- **800 m.kr.** verður varið til að hækka bætur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega um **1% til viðbótar** við almennar prósentuhækkanir almannatrygginga í fjárlagafrumvarpi 2022.
- Bætur örorkulífeyrisþega hækka því alls um **5,6%** frá fjárlögum ársins 2021.

Frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega tvöfaldað

- **540 m.kr.** verður varið í að **tvöfalda** frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega fer úr **100 þús.kr.** í **200 þús.kr.** á mánuði um næstu áramót.

Stóraukin framlög til loftslagsmála



- Framlög til loftslagsmála hafa tvöfaldast frá 2017 til 2022.
- Í fjárlagafrumvarpi 2022 nema framlögin yfir 13 ma.kr. Þar af eru **skattahvatar** til orkuskipta í samgöngum yfir 6 ma.kr. og landgræðsla, skógrækt og garðyrkja yfir 4 ma.kr.
- Í fjármálaáætlun 22-26 var bætt við **1 ma.kr. á ári í 10 ár**, þar af 550 m.kr. í aukinn stuðning við orkuskipti 2022.
- Auk þess má nefna að **stafvæðing opinberrar þjónustu** með því að efla Stafrænt Ísland er mikilvægt loftslagsmál og búsetumál.




Útgjöld vegna atvinnuleysisbóta lækka um 13 ma.kr.

Hvert prósentustig atvinnuleysis kostar ríkissjóð um 7 milljarða króna.

**39,8
ma.kr.**
Atvinnuleysisbætur 2022


m.kr. á verðlagi 2021 m.v. VNV






Verulegar fjárhæðir til vegaf framkvæmda

Fjárfestingarátaki 2019-2021 er að hluta til að ljúka sem skýrir lækkun fjárheimilda frá fyrra ári.





Launa- og verðlagsbreytingar



Heildstætt mat á áhrifum ráðstafana á jafnrétti kynjanna



- Mat á áhrifum fjárlagatillgana á jafnrétti var hluti af tillögugerð í fyrsta skipti. Matið þar með orðið **hluti af ákvarðanatöku** við fjárlagagerð og myndar grunn að **heildstæðu mati** á áhrifum fjárlagafrumvarps á jafnrétti kynjanna.



- Áhrif **mikils meirihluta** ráðstafana í frumvarpinu á jafnrétti voru metin, bæði á **tekju- og gjaldahlið**.

- Mat á **aðhaldsráðstöfunum** byggir á mati á almennri aðhaldskröfu og er útfærslan talin **stuðla að jafnrétti**.
- Stærsti hluti ráðstafana talinn **stuðla að jafnrétti** kynjanna en stór hluti er talinn **viðhalda óbreyttu ástandi**. Lítil hluti ráðstafana er talinn líklegur til að **auka kynjabil**.



Fjarlog.is – nýtt vefsetur

FJÁRMÁLA- OG EFNIAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

I Fjarlög fyrir árið 2022

Almennt | Stuttu máli | Greiningar | Kynning ráðherra | Skjöl/gögn úr frumvarpinu

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2022


Staðan í efnahagsmálum er betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum liðandi árs og mun meiri þróttur í hagkerfinu en búist var við. Atvinnuleysi hefur dregist hratt saman, kaupmáttur hefur aukist mikið, gert er ráð fyrir kröftugum hagvexti og að vöxturinn haldi áfram. Þetta kemur fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 sem lagt er fram á Alþingi í dag samhliða fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu útgjalda vegna heilbrigðismála, viðbótarhækkun á bætur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, tvöföldun á fritekjumarkaði atvinnutekna hjá elirlífeyrisþegum, endurgreiðslum vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar er viðhaldið og barnabætur og skerðingarmörk hækkuð svo dæmi séu tekin.

Spáð er 5,3% hagvexti á næsta ári og að landsframleiðslan verði þá orðin meiri en fyrir faraldurinn.

Landsframleiðsla nú talin meiri en í bjartsýnni sviðsmynd frá því í fyrra

Verg landsframleiðsla, 2019 = 100



Frumvarp 2022

1.203.528

Útgjöld í m.kr.

Heildaryfirlit

Sundurliðun

Þróun útgjalda

Hagræn skipting

Yfirlitstafla

2020

2021

2022

2023

2024

Almanna- og réttaröryggi

Heilbrigðismál

Nýsköpun, rannsóknir og þekking

Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Vaxtagjöld

Rekstur

Félags-, húsnæðis- og tryggingarmál

Mennta- og menningarmál

Samgöngu- og fjarskiptimál

Umhverfismál


Önnur málefnasvið

Fjárfestingar


Útgjöld hvers árs



Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári



Breyting frá fyrra ári eftir málefnasviði





Breytt framsetning A-hluta Samstæðuyfirlit

Breytt framsetning A-hluta

A-hluti samstæða

A1

Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.

A2

Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins, og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi.

A3

Starfsemi hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

- Samkvæmt lögum um opinber fjármál ber að setja fjárlög fram í samræmi við alþjóðlegan hagskýrslustaðal, skl. GFS (e. Government Finance Statistics). Hagstofa Íslands hefur endurskoðað flokkun tiltekinna stofnanaeininga í þjóðhagsreikningum og er hún í samræmi við álitserð frá Eurostat og álits reikningsskilaráðs ríkisins.



Breytt flokkun leiðir almennt til þess að B-hluta aðilar færast í A2-hluta og C-hluta aðilar í A3-hluta.

Ríkisaðilar	Fjárlög 2021	Frum- varp 2022	Ríkisaðilar	Fjárlög 2021	Frum- varp 2022
Bjargráðasjóður	B	A-1	Lindarhvoll ehf.	C	A-3
Orkusjóður	B	A-1	Neyðarlínan ohf.	C	A-3
Byggðastofnun	B	A-2	Nýr landspítali ohf.	C	A-3
Menntasjóður	B	A-2	Sítus ehf.	C	A-3
HS sjóður	B	A-2	Tæknigarður ehf.	C	A-3
ÍL-sjóður	B	A-2	Vísindagarðurinn ehf.	C	A-3
Hugverkasjóður Íslands ehf.	C	A-1	Vísindagarðar HÍ ehf.	C	A-3
Náttúruhamfaratr. Íslands	C	A-2	Öryggisfjarskipti ehf.	C	A-3
Leigufélagið Bríet ehf.	C	A-3	Ríkisútvarpið ohf.	C	A-3
Eignahlutir ehf.	C	A-3	Betri samgöngur ohf.	C	A-3
Harpa ohf.	C	A-3	Tæknisetur ehf.	Nýr	A-3
Þróunarfélag Kefl.flugv.ehf.	C	A-3	Fjárföng ehf.	Nýr	A-3
Landskerfi bókasafna	C	A-3	Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	Nýr	A-3
Rannsókn- og háskólanet Ísl.	C	A-3			



Samstæðuyfirlit A1, A2 og A3-hluta

Taka þarf tillit til innbyrðis viðskipta milli þessara aðila.

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	A1-hluti	A2-hluti	A3-hluti	Innbyrðis viðskipti	Samstæða
Frumtekjur	944.957	10.127	11.785	-10.047	956.822
Frumgjöld	1.056.696	11.727	11.598	-10.047	1.069.975
Frumjöfnuður	-111.739	-1.600	186	0	-113.153
% af VLF	-3,1%	0,0%	0,0%	0,0%	-3,2%
Vaxtatekjur	10.488	33.701	108	-5.946	38.351
Vaxtagjöld	67.298	38.211	1.189	-5.946	100.752
Fjármagnsjöfnuður	-56.809	-4.511	-1.081	0	-62.401
% af VLF	-1,6%	-0,1%	0,0%	0,0%	-1,8%
Heildartekjur	955.445	43.827	11.893	-15.993	995.173
Heildarútgjöld	1.123.994	49.938	12.788	-15.993	1.170.727
Heildarjöfnuður	-168.548	-6.111	-895	0	-175.554
% af VLF	-4,7%	-0,2%	0,0%	0,0%	-4,9%



Breytt framsetning A-hluta – nánari umfjöllun

Nánari umfjöllun um breytta flokkun A-hluta má finna hér:

- í 6. kafla greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022
- í viðauka 1 með stjórnartillögu þátl. um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026
- í 6. kafla greinargerðar með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021, sbr. þingskjal 1 á 151. þingi, bls. 127, auk kafla um endurskoðun á flokkun ríkisaðila bls. 320–321 í sama þingskjali
- með kafla um breytta flokkun Hagstofu Íslands á starfsemi hins opinbera í fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2022–2026, sbr. þingskjal 1084 á 151. þingi, bls. 143–147.



Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur



Lánsfjárförf dregst saman á milli ára

Lánsfjárförf = Hreinn lánsfjárjöfnuður + afborganir lána +/- br. á handbæru fé

<u>Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta), m.kr.</u>	<u>Fjárlög 2021</u>	<u>Áætlun 2021</u>	<u>Frumvarp 2022</u>
Handbært fé frá rekstri	-250.901	-234.024	-132.960
Fjárfestingarhreyfingar	-101.619	-3.481	4.547
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-352.520	-237.505	-128.412
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Tekin langtímalán	427.300	380.907	300.950
<i>þar af innlend</i>	427.300	267.707	227.250
Afborganir af teknum lánum	-149.900	-165.558	-184.041
<i>þar af innlendar</i>	-149.900	-165.558	-98.900
Fjármögnunarhreyfingar samtals	277.400	215.349	116.909
Breyting á handbæru fé	-75.120	-22.156	-11.503




Fjármögnun ríkissjóðs

Fjárförf verður að mestu mætt með innlendri skuldabréfaútgáfu

- Fjárförf ríkissjóðs áætluð 227 ma.kr. á árinu 2022.
- Útgáfa verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisskuldabréfa gæti orðið um 150-160 ma.kr.
 - Tilkynnt verður um útgáfumagn í ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs í lok desember.
 - Útgáfa ríkisskuldabréfa nam 180 ma.kr. á árinu 2021 og 182 ma.kr. á árinu 2020 en um 40-50 ma.kr. árin á undan.
- Gangi áætlanir um 227 ma.kr. fjárförf eftir og útgáfa ríkisbréfa verði 150 ma.kr. þarf viðbótarfjármögnun fyrir 77 ma.kr. Ýmsir fjármögnunarkostir í boði:
 - Víxlastaða gæti hækkað um u.þ.b. 20 ma.kr.
 - Græn skuldabréfaútgáfa gæti mætt hluta af fjárförf
 - Ríkissjóður á um 315 ma.kr. í erlendum gjaldeyri sem möguleiki væri að nýta að hluta í rekstur.

Skuldir ríkissjóðs


Hægir frekar á skuldasöfnun árið 2022



- Hægir á skuldasöfnun frá tveimur árum á undan.
- Skuldir ríkissjóðs hækka úr 33,0% af VLF árið 2021 í 33,7% árið 2022.
 - Skuldir voru 34% af VLF í árslok 2016.

Samsetning skulda ríkissjóðs

Staðan í lok október 2021




- Fjárförf síðustu ár hefur verið mætt með innlendri útgáfu.
 - Unnt er að nýta hluta af erlendri sjóðstöðu ef þörf er á.
- Hluttur ríkisvixla dróst saman á árinu 2021.
- Hluttur erlendra lána lækkar í 21% í árslok 2022.
 - EUR 500 m. gjalddagi í desember 2022.


Hverjir hafa keypt og selt ríkisbréf í covid?

Bankar hafa keypt styttri bréf og lífeyrissjóðir lengri – erlendir aðilar flestir farnir

Ma.ISK.




Ma.ISK.






Hlutfallsleg eigendaskipting ríkisskuldabréfa




Vaxtajöfnuður ríkissjóðs

Breytist lítið þrátt fyrir skuldasöfnun

af VLF






Vaxtakjör ríkissjóðs hafa stöðugt batnað

Myndin sýnir ávöxtunarkröfu í
útboðum ríkisskuldabréfa

- Verðtryggð
- Óverðtryggð
- Erlend

Ríkisábyrgðir lækka áfram

865 ma.kr. í lok 3F 2021



- Hafa lækkað úr 75% af VLF árið 2014 í 27% á 3F 2021.
- Endurflokkun ríkisaðila á eftir að hafa mikil áhrif á framsetningu ríkisábyrgða.
 - M.v. 3F 2021 myndu þær lækka úr 27% í 2% af VLF.



ÍL-sjóður

Einn stærsti fjárhagsáhættuþáttur sem snýr að ríkissjóði

- Í hálfársuppgjöri sjóðsins námu skuldir 876 ma.kr. og eignir 683 ma.kr.
- Neikvætt eigið fé var 193 ma.kr. sem getur stækkað með tímanum ef ekkert er að gert en það fer ekki síður eftir markaðsaðstæðum.
- Meirihluti HFF flokkana gefnir út á um 4% ávöxtunarkröfu á meðan eignir ávaxtast flestar minna.
- Úrvinnsla sjóðsins var sett í biðstöðu þegar fjárförf ríkissjóðs jókst skyndilega fyrir tæplega tveimur árum síðan.
- Áfram er þó unnið að því hvernig best er að standa að úrvinnslu sjóðsins og aðkomu ríkissjóðs til framtíðar.



Heimildir ráðherra



6. gr. fjárlaga

Heimildaákvæði

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands kemur fram að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

Í 46. gr. laga um opinber fjármál kemur einnig fram að aflu skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa.

Lagaheimildir til þessara ráðstafana hafa venju samkvæmt verið veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við þá ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.



6. gr. fjárlaga – nýjar heimildir

Sala fasteigna

2.6 Að ganga til samninga við Minjavernd um afhendingu og endurnýjun á Skólavörðustíg 9, Reykjavík.

2.9 Að selja Laugaveg 162 – 166 í Reykjavík og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.

2.17 Að selja fasteignir í eigu ríkisins við Stakkahlíð, Reykjavík.

2.29 Að selja eða ráðstafa með öðrum hætti skemmu á Raufarhafnarflugvelli.

2.30 Að selja eða ráðstafa með öðrum hætti flugstöðinni á Flúðaflugvelli og Þingeyri.

2.34 Að selja eða leigja húsnæði í eigu ríkisins við Árleyni í Reykjavík.



6. gr. fjárlaga – nýjar heimildir

Sala fasteigna

2.35 Að selja Lyngholt 9, Ísafirði.

2.36 Að selja húsnæði við Brjánslæk, Vesturbyggð.

2.37 Að selja Víkurbraut 7, Höfn í Hornafirði.

2.38 Að heimila ÁTVR að selja Austurstræti 10a í Reykjavík, Miðvang 2–4 á Egilsstöðum og Selás 19 á Egilsstöðum.

2.39 Að heimila Hapdrætti Háskóla Íslands að selja eignarhlut í Bíldshöfða 16 í Reykjavík og kaupa eða leigja hentugra húsnæði.

2.40 Að selja Digranesveg 5, Kópavogi.



6. gr. fjárlaga – nýjar heimildir

Sala lóða, spildna og jarða

3.3 Að selja land ríkisins við Blikastaðaveg, Reykjavík.

3.21 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jörðina Brattholtshjáleigu í Árborg.

3.22 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja landspilduna Skarð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

3.23 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jörðina Hofstaði, Reykhólahreppi.



6. gr. fjárlaga – nýjar heimildir

Kaup og leiga fasteigna

4.19 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn.

4.24 Að kaupa eða leigja aukna aðstöðu í námunda við Hvanneyri fyrir starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands.

4.25 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Háskólans á Hólum.

4.26 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Háskóla Íslands.



6. gr. fjárlaga – nýjar heimildir

Kaup og sala hlutabréfa og aðrar ráðstafanir vegna umsýslu félaga

5.16 Að heimila Háskóla Íslands að kaupa eða eignast 10% hlut í Carbflix ohf.

5.17 Að heimila Háskóla Íslands að stofna sérstakt félag utan um eignarhald á rannsóknar- eða sprotafyrirtækjum sem háskólinn hefur aðkomu að.



6. gr. fjárlaga – nýjar heimildir

Ýmsar heimildir

7.23 Að auka hlut Íslands í Alþjóðaframfarastofnuninni (IDA) fyrir allt að 979,7 m.kr. í samræmi við ákvörðun stjórnar stofnunarinnar um aukin stofnfjárframlög aðildarríkja Alþjóðabankans og sérstaka samþykkt fyrir að flýta einni greiðslu vegna 20. endurfjármögnunar stofnunarinnar um eitt ár til að takast á við áskoranir tengdar COVID- 19 faraldrinum og hnattrænni hlýnun.

7.24 Að heimila ríkisaðilum í A1-hluta að semja við Fjárföng ehf., sem er félag í eigu ríkisins, um fjármögnun á minni fjárfestingum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri.

6. desember 2021



Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022

| Stjórnarráð Íslands
| Fjármála- og efnahagsráðuneytið